


944.9161
54e.

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

—
ÁRBÓK
1938



Björn Gunnlaugsson
yfir-kennari

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F. — 1938

BJÖRN GUNNLAUGSSON

1788—1938.

Á 150 ára afmæli Björns Gunnlaugssonar vill Ferðafélag Íslands minnst hans sem eins þeirra manna, sem mest hafa gert til þess að auka þekkingu vora á landinu.

Björn Gunnlaugsson fæddist 28. sept. 1788. Foreldrar hans voru Gunnlaugur Magnússon, bóndi að Tannastöðum við Hrutá-fjörð, og Ólöf Bjarnardóttir kona hans.

Björn Gunnlaugsson hneigðist þegar í æsku mjög að stærðfræði og las í þeim fræðum allar bækur, sem hann náði til. En það var ekki einungis hér á landi, sem hann vann sér álit fyrir stærðfræðikunnáttu, því að tvívegis vann hann gull-verðlaunapening Hafnarháskóla fyrir úrlausnir í stærðfræði, eftir að hann var kominn til náms í Kaupmannahöfn. Vegna ófriðarins milli Dana og Engendinga fór Björn ekki utan fyrir en árið 1817. Kennaraembætti við Bessastaðaskóla fékk hann 1822 og var kennari við skólanum til ársins 1862, en þá fékk hann lausn frá embætti. Skólinn hafði verið fluttur til Reykjavíkur árið 1846 og flutti Björn þá eðlilega til Reykjavíkur. Síðustu ár æfi sinnar var hann mjög elihrumur, en fékkst við stærðfræðirannsóknir til dauðadags, árið 1876.

Árið 1825 kvæntist Björn Gunnlaugsson Ragnheiði Bjarnadóttur. Hún andaðist 1834 og tveim árum síðar kvæntist hann Guðlaugu Aradóttur frá Flugumýri.

Meðal almennings hér er Björn Gunnlaugsson þekktastur fyrir Njólu, sem er stjórnufræði í ljóðum.

Mesta þrekvirki Björns Gunnlaugssonar er mæling hans á Íslandi.

Á árunum 1800—1818 höfðu verið framkvæmdar hér þríhyrningsmælingar með ströndum fram og kort gerð af ströndinni og landi því, sem næst er sjó. Danskir og norskir herforingjar ónuðust mælingarnar og hafa þeir H. J. Scheel og H. Frisak átt drýgstan þátt í því starfi og kyntist Björn Gunnlaugsson þeim þegar á unga aldri. Mestur hluti byggðanna og allt miðbik landsins var þó ómælt.

Birni Gunnlaugssyni var mjög umhugað um, að starfinu yrði haldið áfram og reyndi, skömmu eftir að hann kom til Bessastaða, að fá landmælingatæki, en það var ekki fyrir en 1831, að hann fékk þau. Um sama leyti kom hann því til leiðar, að Bókmenntafélagið verði árlega nokkru fé til mælinga og kortagerðar á miðbiki landsins. Björn Gunnlaugsson tókst þann starfa á hendur. Það er nær því ótrúlegt, að maður, sem orðinn er 43 ára, skuli hafa áráðni til að byrja á öðru eins starfi og því að kortleggja allt Ísland, og að hann líka hafi haft þrek og dugnað til að framkvæma það.

Uppdráttur Íslands, sem nú almennt er kenndur við Björn Gunnlaugsson, er að vísu ekki verk Björns eins, heldur einnig verk þeirra, sem framkvæmdu strandmælingarnar, og fleiri manna. En þetta rýrir á engan hátt verk Björns Gunnlaugssonar.

Á því getur ekki leikið vafi, að maður, sem bæði var stærðfræðingur og jafn nákvæmur og Björn Gunnlaugsson var, hefir átt erfitt með að sætta sig við að gera uppdrátt í svo litlum mælikvarða og Uppdráttur Íslands er. Þá er mjög úr vöndu að ráða fyrir þann, er mælir, því að ýmsu verður að sleppa, sem af mörgum kann að verða álitð skekkja eða stórgalli á uppdrættinum.

En Björn Gunnlaugsson hefir verið það hagsýun maður, að hann hefir ekki látið þetta tefja sig í framkvæmd verksins. Hann sneið sér þegar í upphafi stakk eftir vexti og gerði mælingarnar þannig, að hann einn gat lokið mælingastarfinu á 12 sumrum.

Á landmælingaferðum sínum ferðaðist hann um allt landið, bæði um byggðir og óbyggðir, og hefir um eitt skeið þekkt landið bett allra manna.

Björn Gunnlaugsson hefir séð, að þess gæti orðið langt að biða, að uppdráttur fengist af öllu landinu, ef hann byrjaði að gera uppdrátt í stórum mælikvarða, sem að vísu yrði nákvæmur, en um leið dýrt og mikið verk, sem hann gæti ekki fullgert.

Uppdráttur Björns Gunnlaugssonar hefir heldur ekki komið hjá gagnrýningu, og einna helst þeirra manna, sem litla þekkingu hafa á uppdráttum. Öllum, sem vit hafa á, ber hins vegar saman um, að verk Björns Gunnlaugssonar sé einstakt í sinni röð, og mun hans lengi verða minnst sem eins hins ágætasta manns, er land vort hefir fóstað.

Mynd Björns Gunnlaugssonar framan við þessa grein er tekin eftir málverki Jóns Þorleifssonar. Er myndin gerð eftir frumteikningu Sigurðar málara Guðmundssonar, sem geymd er í manna-myndasafni Þjóðminjasafnsins, og er hún af Birni stjótugum.

Steinþór Sigurðsson.